



Reglur um val á umhverfisverðlaunum í Flóahreppi

Umhverfisverðlaun í Flóahreppi skal veita ár hvert nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn. Fastanefnd sveitarfélagsins sem fer með umhverfismál hverju sinni skal leggja tillögur fram við sveitarstjórn um umhverfisverðlaun. Sveitarstjórn tekur endanlega ákvörðun um veitingu verðlaunanna.

Umhverfisverðlaun geta hlotið einstaklingar, heimili, fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök með lögaðsetur í sveitarfélaginu sem þykja hafa skarað fram úr eða verið til fyrirmyndar í umhverfismálum svo sem með snyrtilegri umgengni, fallegum mannvirkjum og/eða athyglisverðra aðgerða á sviði umhverfismála það árið eða undangengin ár. Hægt er að veita verðlaunin oftár en einu sinni til sama aðila en miða skal við að ekki líði skemmri tími en 6 ár á milli veitinga verðlaunanna á sama stað.

Ein verðlaun eru veitt á hverju ári og skal veiting skiptast á milli eftirfarandi flokka á milli ára:

- Ártöl sem enda á sléttum tölum: Verðlaun veitt til lögbýlis eða íbúðarhúss
- Ártöl sem enda á oddatölum: Verðlaun veitt til fyrirtækis, félagasamtaka eða lögaðila.

Við val á aðilum varðandi umhverfisverðlaun er hægt að hafa margt til hliðsjónar, má þar m.a. nefna eftirfarandi atriði:

Fyrirtæki, lögaðili og stofnanir:

- Húsakosti vel við haldið.
- Aðkeyrsla og aðkoma í góðu lagi.
- Girðingar snyrtilegar og vel við haldið.
- Frumkvæði í upplýsinga- og fræðslumálum varðandi umhverfismál.

Einstaklingar og félagasamtök:

- Hafa skarað fram úr í umhverfismálum og sýnt það í verki.
- Frumkvæði í upplýsinga- og fræðslumálum varðandi umhverfismál.
- Frumkvæði í trjárækt eða uppgræðsluverkefnum.
- Hafa sinnt hreinsunarverkefnum eða hvatt til átaka til að fegra umhverfið.

Lögbýli/íbúðarhús:

- Húsakosti vel við haldið.
- Þurr og hreint umhverfis húsakost.
- Heimreiðar snyrtilegar, kantar hreinsaðir.
- Girðingar snyrtilegar og vel við haldið.
- Vélar og áhöld á ákveðnum stað, uppraðað á snyrtilegan hátt.
- Vel hirtur heimagarður, skjólbelti eða skógarreitir.
- Almenn snyrtimennska og alúð sýnileg við að fegra umhverfið.



Tilhögun og framkvæmd:

Umhverfisnefnd auglýsir eftir tilnefningum að vori og hvetur á sama tíma til fegrunar umhverfisins um allt sveitarfélagið. Taka skal fram í auglýsingu að búast megi við aðilum frá umhverfisnefnd í skoðunarferðir í maí-júní. Umhverfisnefnd getur valið úr innsendum tilnefningum eða lagt fram eigin tillögu að umhverfisverðlaunum. Rökstuðningur skal fylgja tillögum hvort sem um er að ræða innsenda tillögu eða tillögu nefndarinnar.

Umhverfisnefnd leggur fram tillögur við sveitarstjórn um það hverjir skuli hljóta verðlaun í síðasta lagi 10. júní og í framhaldi skal nefndin sjá til þess að útbúin verði viðurkenningarskjöl og keypt verðlaun.

Verðlaunin ásamt viðurkenningarskjali skulu veitt vinninghöfum á 17. júní hátíð innan Flóahrepps í samstarfi sveitastjóra og fulltrúa frá umhverfisnefnd.

Reglur þessar voru staðfestar á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 7. apríl 2026 og taka þegar gildi.

Á sama tíma falla reglur frá 11.05.2021 úr gildi

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri